

Samþykkt

53
4. maí

fyrir Húnavatnssýslu um kynbætur hrossa.

Sýslunefndin í Húnavatnssýslu hefir samkvæmt lögum 11. des. 1891, um samþykktir um kynbætur hesta, og viðaukalögum 20. des. 1901 við nefnd lög, gert eftirfylgjandi samþykkt um kynbætur hesta í sýslunni.

1. gr.

Á hausthreppaskilum ár hvert skal hreppstjóri í hverjum hreppi sýslunnar annast um, að kosin sje 3. manna nefnd, er hafi nákvæmt eftirlit með kynbótum hrossa samkvæmt reglum þeim, sem hjer eru settar.

2. gr.

Kosningarrjett og kjörgengi til nefndar þessarar hefir hver karlmaður í hreppnum, sem er 25 ára eða eldri, og er hver sá skyldur til að taka á móti kosningu 3 ár í senn. Að þeim tíma liðnum getur hann neitað að taka á móti kosningu jafnlangan tíma.

3. gr.

Nefnd þessi skal eiga með sér að minsta kosti 2 fundi á ári, annan að vorinu, en hinn að haustinu. Á haustfundi kjósa nefndarmenn sjer formann, hann kallar saman fundi og stýrir gjörðum nefndarinnar. Nefndarmenn eiga heimtingu á að fá úr sveitarsjóði endurgjald fyrir það, sem þeir verða að borga út vegna fundarhalda þessara, sem og fyrir ritföng, og enn fremur skal greiða þeim úr sveitarsjóði fyrir störf sín, er svarar 2 kr. fyrir hvert fult dagsverk, sem þeir eru að nefnarstörfum frá heimilum sínum.

4. gr.

Nefnd þessari skal heimilt að kveðja eigendur hrossa til þess að koma með hryssur sínar og graðfola, er nefndin hefir óskað eftir, til sýnis á hentuga staði í hreppnum, og skal hún þá velja kynbótahryssur og fola svo marga, sem hún álitur þurfa í hreppnum.

5. gr.

Fyrir lok árs hvers sendir kynbótanefndin sýslunefndarmanninum í hreppi

- 53** sínum skýrslu um störf sín; gjörir hann við hana athugasemdir, ef honum þykir
 4. maí ástæða til, og sjer um, að skýrslan ásamt athugasemdunum komist á næsta fund sýslunefndarinnar. Skýrslan sje undirrituð af öllum nefndarmönnum.

6. gr.

- Hestar til undaneldis skulu sem mest fullnægja eftirfylgjandi skilyrðum:
- Að þeir sjeu eigi getnir af ofskyldum foreldrum, t. d. ekki móður og syni eða systkynum, og að þeir sjeu af haldsömu og hraustu kyni.
 - Að þeir hafi hreinan gang, vakran eða klárgengan, og að sá gangur sje ættgengur, helst í báðar ættir.
 - Að þeir sjeu einlitir og af einlitri ætt, helst í báðar ættir, samt ekki hvítir, als ekki glaseygðir, eða af glaseygðu kyni.
 - Að þeir sjeu gjörvulegir á vöxt og stórir, hausfríðir, kjálkabykkir, bogmektir, þreknir um bóga og rifin vel bogadregin, bein- en stutthryggjaðir, lendbeinir og lendbreiðir, vöðvabykkir, snögg- og þjetthærðir (þ: selhærðir), þrúðir á fax og tagl, rjetthæfðir og hófarnir svartir eða öskulitaðir, pung- og eistnasiðir.

7. gr.

Hryssur þær, er graðhesta skal undan ala, skulu að sínu leyti, að því er frekast verður, fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir graðhesta, og auk þess hafa útskotna nára. Eigi skulu graðhestamæður yngri vera en 5 vetra, og ekki eldri en 15 vetra.

8. gr.

Aðalregla sje, að gelt sjeu öll hestfolöld, sem ekki eru fyrirhuguð til kynbóta, en þeir aðrir folar, sem ekki eru folaldsgeltir og ekki ætlaðir til undaneldis, skulu geltir ekki seinna en fyrir góulok, er þeir eru á 2. vetur, ef það er unt skapnaðar vegna, annars í hið síðasta fyrir miðjan maímánuð. Folar þeir, er ekki verða geltir innan þess tíma, skulu sýndir kynbótanefndinni, er þá ráði um meðferð þeirra.

9. gr.

Ávalt skulu hestar þeir og hryssur, sem til undaneldis eru valin, vera vel haldin, svo þau nái sem fyrst og mestum þroska, og skal kynbótanefndin sjerstaklega hafa eftirlit með meðferð þeirra. Til undaneldis skal ekki brúka yngri fola en 4. vetra; þó má kynbótanefndin eftir atvikum veita leyfi til þess að brúka efnilega 3. vetra fola, og skulu þeir notaðir til undaneldis ekki skemri tíma, en til þess þeir eru 8 vetra, nema völ sje á öðrum yngri og betri. Hryssur skulu ekki leiddar fyr en þær eru 4. vetra.

10. gr.

Eigendur graðhesta skulu skyldir til, eftir áskorun kynbótanefndar, að ljá þá til undaneldis á aðurnefndum aldri, svo framarlega þeir eigi vilji selja þá,

og má ekki gelda þá fyr að vorinu en í lok júnímánaðar, svo ekki missist góður tími af hryssum. En heimilt skal eiganda að selja folann, þegar hann er 6 vetra og hefir þá kynbótanefnd forkaupsrjett á honum fyrir það verð, er 2 menn meta, annar valinn af eiganda, en hinn af kynbótanefnd. Komi þessum 2 mönnum eigi saman, velja þeir í sameiningu oddamann til að skera úr ágreiningnum. Skylt skal kynbótanefnd að ákveða eigendum graðhestanna hæfilegan toll fyrir brúkun þeirra, og skal hann goldinn fyrir hverja hryssu er við folanum fær, af eigendum hryssanna.

53
4. maí

11. gr.

Hryssur, er fyljast hafa, skal ekki hafa til erfiðrar brúkunar næsta mánuð á eftir, og sem minst að vetrinum. Kynbótahesta má ekki brúka, hvorki til reiðar nje áburðar, fyr en þeir eru orðnir 5 vetra, og aldrei nema vægilega og innanhrepps, meðan þeir eru notaðir til undaneldis, en að því loknu skulu þeir geltir.

12. gr.

Allir þeir folar, er kynbótanefnd hefir valið, skulu vera í geymslu frá 11. apríl til októbermánaðarloka; folar þeir, er til undaneldis eru ætlaðir það og það, árið, skulu geymdir eftir samráði kynbótanefndar og eiganda á þeim stöðum í hreppnum, er geymsla fæst tryggilegust og haganlegust fyrir þá, er not vilja hafa graðhestanna. Rjett er að fleiri hreppar séu í samlægum um geymslu hinna yngri útvöldu graðhesta, ef þeim sýnist svo. Kostnað þann, er leiðir af haldi slíkra fola, skal hreppsnefnd og kynbótanefnd ákveða, og sjá um að eigendur og geymendur sjeu skaðlausir af. Sömu leiðis skulu þær ákveða borgun þá, sem eigendum mera ber að greiða fyrir not folanna, en að því leyti sem sú greiðsla hrekkur ekki fyrir kostnaðinum við hald þeirra, þá skal greiða úr sveitarsjóði, það sem til vantar. Verði ágreiningur um kostnað þenna milli hlutaðeigenda, þá skal honum ávalt skotið til endilegra úrslita undir sýslunefnd. Nú sleppur kynbótafofi úr geymslu, og skal hann þegar höndlaður og geymanda tilkynt hvar hann sje niðurkominn, og vitji geymandi hans þegar og, ef vanrækslu hans er um að kenna, þá greiði hann allan þann kostnað, er leitt hefir af folanum og óskunda þeim, er hann hefir gert. Rísi ágreiningur út af slíkum kostnaði og óskunda, heyrir hann undir dómstólana, nema hlutaðeigendur komi sjer saman um að skjóta honum til endilegra úrslita sýslunefndar.

13. gr.

Kynbótanefnd í hverjum hreppi skal skrifa upp mark, lit og aldur á þeim folum, sem hún hefir valið til kynbóta, og merkja þá greinilegu marki, og tilkynna það kynbótanefndum í nærliggjandi hreppum. Bannað er að láta graðhesta eldri en $1\frac{1}{2}$ árs, sem ekki eru valdir af kynbótanefnd, ganga lausa lengur fram eftir vori en til 1. apríl. Finnist slíkur hestur eftir þann tíma á því svæði

53 er kynbótasamþykkt nær yfir, enda sje hann ekki á fulltryggilegri einangrun, 4. maí skal hann geltur svo fljótt sem ástæður leyfa á ábyrgð eiganda, og því næst seldur sem óskilagripur án innlatusnarfrests. Af andvirði hans skal taka kostnað allan og sekt á hendur eiganda.

14. gr.

Alt það eftirlit, er hafa þarf á því að samþykkt þessari sje fylgt, svo sem ráð er fyrir gjört í lögum 11. desbr. 1891, og viðaukalögum 20. desbr. 1901 um kynbætur hesta, skal falið hinum kosnu kynbótanefndum.

15. gr.

Sýslumaður skal á manntalsþingum ár hvert grenslast eftir, hvernig samþykkt þessari hefir verið framfylgt í hverjum hreppi, áminna menn að bæta úr því, sem áfátt kann að vera, og koma fram ábyrgð á hendur þeim, er brót hafa framið gegn samþykktinni.

16. gr.

Með brot móti samþykkt þessari skal farið sem með almenn lögreglumál, nema þar sem öðru vísi er ákveðið með henni. Brot mót samþykktinni varðar sektum og fellur helmingur til uppljóstrarmanns, en hinu helmingurinn í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið. Upp æð sektanna má eftir atvikum nema alt að 50 krónum.

17. gr.

Samþyktir um kynbætur hrossa í Húnavatnssýslu vestan Blöndu frá 29. apríl 1897, og Húnavatnssýslu austan Blöndu frá 17. apr. 1903, eru hjer með úr gildi numdar.

Samþykkt þessi er hjer með staðfest til að öðlast gildi 1. janúar 1909 og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 4 maí 1908.

Í fjarveru ráðherra.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson